

Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2010 þann 15. janúar kl. 8:00

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir, Björk Guðmundsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Heimir Örn Árnason, Gyða Björk Aradóttir

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson, Erna Helgadóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Málefni nemendaráðs. Skólastjóri og fulltrúar nemenda kynntu ýmis hagsmunamál nemenda sem tekin voru fyrir á nemendaráðsfundi. Fram kom að drög að skólareglum verða unnin í samráði við nemendaráð og væntanlega lögð fyrir næsta skólaráðsfund.
2. Vettvangsferðir nemenda. Fyrir fundinum lá svohljóðandi erindi frá skólanefnd í tilefni af nýjum úrskurði Menntamálaráðuneytisins varðandi vettvangsferðir nemenda: *“Skólanefnd samþykkir að vísa því til skólaráða grunnskólanna til umsagnar hvort grunnskólarnir eigi að standa undir þeim kostnaði sem þeim ber að standa undir vegna ferða nemenda í 7. bekk í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði eða hvort fella eigi þessar ferðir alfarið niður með hliðsjón af fyrirliggjandi úrskurði. Ef samþykkt er að fara í ferðina verða skólaráðin að koma fram með tillögu um hvar fjármagn verði tekið til þess.”* Skólaráð Naustaskóla telur að vettvangsferðir séu afar mikilvægur hluti af skólastarfinu, þar með taldar skólabúðaferðir 7. bekkjar. Þetta kemur ekki síst fram hjá fulltrúum nemenda, enda komin löng hefð á ferðirnar og nemendur horfa mjög til þeirra. Ekki er talið raunhæft að hægt verði að safna fyrir öllum kostnaði við þessar ferðir um alla framtíð, vegna þess hve margir aðilar í bænum standa í söfnunum. Því verði skólinn að fjármagna ferðirnar að frátöldu upphaldi nemenda. Skólaráð telur sig ekki hafa forsendur til að benda á hvar hægt sé að taka þá fjármuni en ítrekar að þessar ferðir séu framarlega í forgangsröðinni.
3. Fjárhagsáætlun 2010. Skólastjóri kynnti stuttlega stöðu mála varðandi fjárveitingar næsta árs, stöðuheimildir o.fl. Gert er ráð fyrir að við bætist 3-4 stöðugildi kennara og hlutastaða námsráðgjafa næsta haust.
4. Kynntar niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa frá haustinu.
5. Almennar umræður um skólastarfið o.fl.
6. Öðrum málum á dagskrá frestað til næsta fundar. Næsti fundur skólaráðs verður haldinn föstudaginn 12. febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð